

Lög

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (fjölgun í ráðgjafarnefnd, tímabundin ákvæði um fasteignaskatt af atvinnuhúsnæði).

1. gr.

Í stað orðanna „fimm manna“, „11.–13. gr.“ og „Fjórir nefndarmenn“ í 15. gr. laganna kemur: sjö manna; 11.–13. gr. a; og: Sex nefndarmenn.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fasteignir í c-lið 3. mgr. 3. gr. sem sæta breyttri aðferðafræði fasteignamats yfir í tekjumat í endurmati fasteignamats á árinu 2014 skulu vera undanþegnar 2. mgr. 3. gr. við álagningu fasteignaskatts á árunum 2015 og 2016. Stofn til álagningar fasteignaskatts þeirra eigna á árinu 2015 skal þess í stað vera 70% af fasteignamati þeirra 30. desember 2014 og 30% af fasteignamati 31. desember 2014. Á árinu 2016 skal stofn til álagningar fasteignaskatts sömu eigna vera 30% af fasteignamati þeirra 30. desember 2015 og 70% af fasteignamati 31. desember 2015.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 16. desember 2014.